


**Athugun á fiskstofnum stöðuvatna
í Svínadal árið 2000**

**Sigurður Már Einarsson
Friðbjófur Árnason**

Veiðimálastofnun Borgarnesi VMST-V/01004

mars 2001



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Efnisyfirlit

Bls

0. Samantekt	i
1. Inngangur	1
2. Umhverfi	1
3. Aðferðir	2
4. Niðurstöður	3
4.1. Afli í netaveiðum	3
4.2. Lengdardreifing	3
4.3. Aldur og vöxtur	4
4.4. Aldur og kynþroski	4
4.5. Fæða	4
4.6. Sníkjudýr	5
5. Umræður	5
6. Þakkarorð	6
7. Heimildaskrá	6

Myndaskrá:

Mynd 1. Kort af Geitabergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrarvatni.	8
Mynd 2. Lengdardreifing laxaseiða	9
Mynd 3. Lengdardreifing urriða	9
Mynd 4. Lengdardreifing bleikju	9
Mynd 5. Vöxtur urriða	10
Mynd 6. Fæða laxaseiða í Geitabergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrarvatni	10
Mynd 7. Fæða bleikju í vötnunum.	11
Mynd 8. Fæða urriða í Geitabergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrarvatni	12
Mynd 9. Samanburður á silungaafla í vötnunum árin 1992 og 2000.	13

Töfluskrá:

Tafla 1. Helstu einkennisþættir stöðuvatna í Svínadal	14
Tafla 2. Afli í tilraunaveiðum í Geitabergsvatni	14
Tafla 3. Afli í tilraunaveiðum í Glammastaðavatni	14
Tafla 4. Afli í tilraunaveiðum í Eyrarvatni	15
Tafla 5. Meðallengdir laxaseiða í vötnunum.	15
Tafla 6. Meðallengdir urriða í vötnunum	15
Tafla 7. Meðallengdir bleikju í vötnunum	16
Tafla 8. Aldur bleikju eftir kyni og kynþroskastigi í vötnunum.	16
Tafla 9. Aldur urriða eftir kyni og kynþroskastigi úr vötnunum.	16
Tafla 10. Fjöldi og tíðni sníkjudýra í vötnunum eftir fisktegundum.	17

0. Samantekt

Stöðuvötnin Geitabergsvatn, Glammastaðavatn og Eyrarvatn í Svínadal í Hvalfjarðarstrandarhreppi tilheyra flokki dragavatna á yngri blágrýtismynduninni og hafa vötnin myndast af völdum jökulsvörfunar í dalnum. Í vötnunum finnast staðbundnir stofnar af bleikju og urriða, auk þess sem laxaseiði nýta strandsvæði vatnanna sem búsvæði. Lax gengur í vötnin öll og veiðist þar í nokkrum mæli. Vötnin eru vinsælt útivistarsvæði til stangaveiða og skemmtisiglinga.

Fyrri athuganir á árunum 1980 – 1992 sýndu að 15- 20 sm bleikja var ríkjandi tegund í vötnunum, en urriðastofn var í öllum vötnunum og náði hann meiri stærð. Í rannsóknnum árið 2000 höfðu miklar breytingar átt sér stað frá fyrri rannsóknum. Bleikjan hefur að mestu horfið úr vötnunum, en magn urriða er meira en áður auk þess sem meðalstærð hans er meiri en áður þekktist. Sambærilegir atburðir eru óþekktir í íslenskum stöðuvötnum, en þó er vitað að bleikja hefur látið undan síga á síðustu árum í Elliðavatni.

Urriðinn í vötnunum var frá 8 – 59 sm að stærð og stærstur hluti hans var á bilinu 20 – 40 sm. Aldur urriðans spannaði 1 – 11 ár en megnið af sýnum var 3 – 5 ára fiskur. Urriðinn var fyrst kynþroska á fimmta ári. Hornsíli voru ríkjandi í fæðu urriðans. Sníkjudýrabyrði var töluverð, einkum af völdum bandormssýkinga á innuflum.

Bleikjan var á bilinu 10 – 31 sm, en flestar voru á bilinu 20 – 30 sm. Aldur bleikju var 3 – 8 ára. Stærstur hluti bleikjunnar var kynþroska og bar fyrst á kynþroska á fjórða ári. Vatnabobbar og horsnsíli voru ríkjandi í fæðu bleikjunnar. Sníkjudýrabyrði bleikju var há, og voru sýktir fiskar 80 – 100% eftir vötnum, einkum af völdum bandorma í eða á innuflum.

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá rannsóknum sem framkvæmdar voru af Veidimálastofnun haustið 2000 á Geitabergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrarvatni í Svínadal á Hvalfjarðarströnd. Rannsóknirnar voru unnar að beiðni Veiðifélags Laxár í Leirársveit.

Markmið rannsókna var einkum að kanna tegundasamsetningu, hlutfallslegt fiskmagn, stærðardreifingu fiskstofna, aldurssamsetningu og safna gögnum um fæðu og vöxt fiskstofna.

Vötnin í Svínadal eru vinsælt útivistarsvæði einkum m.t.t. stangveiða og skemmtisiglinga. Í vötnunum eru staðbundnir stofnar af bleikju (*Salvelinus alpinus*) og urriða (*Salmo trutta*) og hornsíli (*Gasterosteus aculeatus*). Eftir að fiskvegur var byggður í Eyrarfossi um 2 km neðan Eyrarvatns árið 1951 fór lax (*Salmo salar*) að ganga upp á svæðið og veiðist í töluverðum mæli í vötnunum og ánum í dalnum (Guðni Guðbergsson 2000).

Fyrri athuganir (Þórir Dan Jónsson 1980, Gagnagrunnur um lífríki íslenskra vatna 1992) hafa sýnt að smábleikja er allsráðandi af laxfiskunum í vötnunum. Laxaseiði nýta sér einnig strandlengju vatnanna sem búsvæði (Sigurður Már Einarsson 1994) og stöku lax veiðist í vötnunum. Fjöldi bleikju hefur verið það mikill í vötnunum að Veiðifélag Laxár réðst í það verkefni fyrir nokkrum árum að fækka bleikjunni með gildruveiðum til grisjunar.

2. Umhverfi

Geitabergsvatn, Glammastaðavatn og Eyrarvatn í Svínadal tilheyra öll flokki dragavatna á yngri blágrýtismynduninni og hafa vötnin myndast af völdum jökulsvörfunar í dalnum.

Geitabergsvatn er efsta vatnið í dalnum. Vatni er 0,93 km² (tafla 1) og er vatnið jafndýpst af vötnunum og er meðaldýpið 9,4 m. Helsta innrennslisáin er Draghálsá (mynd 1), en auk þess falla nokkrir litlir lækir í vatnið, t.d. Silungalækur, Mígandi og Húsalækur. Úr vatninu fellur Þverá. Geitabergsvatn er víðast mjög aðdjúpt og eiginleg strandsvæði því tiltölulega lítil að flatarmáli. Flatarmál strandsvæða innan 1m dýptarlínunnar er um 10 ha og er það um 10,3% af flatarmáli vatnsins. Strandlengjan er víðast stórgrýtt að austanverðu, en vesturbakkinn er eð fjölbreyttar botngerð frá mól til stórgrýtis. Mjúkur leðjubotn tekur við er utar dregur.

Glammasaðavatn er næsta vatnið í klasanum og fær megnið af vatninu úr Þverá sem rennum 1,2 km leið úr Geitabergsvatni. Einnig rennur Kúhallará í vatnið (mynd 1). Glammasaðavatn er stærst vatnanna 1,37 km², en er mun grynna en Geitabergsvatn þótt mesta mælda dýpi sé þar nokkru meira en í Geitabergsvatni. Strandsvæði á norðurströnd vatnsins frá Selós að Þverá eru víðast grýtt og sambland af möl, smágrýti og stórgrýti. Suðurhlutinn frá Þverá að Kúhallará einkennist af möl og smágrýti, en frá Kúhallaránni að Selós er mölin mest áberandi. Utan við 1 m dýptarlínuna tekur við mjúkur leðjubotn. Flatarmál strandsvæða innan 1 m jafndýptarlínunnar er áætlað 19 ha og er það um 14% af flatarmáli vatnsins.

Úr Glammasaðavatni rennur Selós stuttan veg í Eyrarvatn. Í Selósinn bætist einnig vatni úr Glammasaðaá (mynd 1). Úr Eyravatni rennur síðan Laxá í Leirársveit. Eyrarvatn er grynnt vatnana þriggja og minnst að flatarmáli. Strandsvæði við norðanvert vatnið frá Laxá að er möl og smágrýti en fín möl og set er nær dregur Selósnum. Að sunnanverðu er botngerð svipuð. Flatarmál strandsvæða innan 1 m jafndýptarlínunnar er 22 ha og er það um 26,9% af flatarmáli vatnsins. Utar tekur við mjúkur leðjubotn. Að vatninu sunnaverðu og norðanverðu liggja aflíðandi hlíðar vaxnar birkikjarri. Nokkuð er um mannvirki við vatnið, fjöldi sumarbústaða að norðanverðu og sumarbúðir KFUM í suðvesturhorni vatnsins.

3. Aðferðir

Sýnataka fór fram dagana 27. – 28. september árið 2000. Fisksýna var aflað úr vötnunum með staðlaðri netaröð með möskvastærðum frá 16,5 – 50 mm mælt á milli hnúta. Slík netaröð á að hafa jafnt veiðiálag á allar fisksstærðir frá 18 sm og yfir (Jensen 1984, Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1997). Við netaröðina var bætt 10 – 12 mm netum til að afla sýna af smærri og yngri fiski. Netin voru bundin saman í trossur og trossurnar látnar liggja í eina nótt. Staðsetning netaraða í vötnunum er sýnd á mynd 1. Vitjað var um netin daginn eftir og talinn fjöldi bleikju, urriða og lax sem veiddist í hverja möskvastærð og þannig reiknaður út afli á hverja lögn.

Allur afli í netin var lengdar – og þyngdarmældur. Frekari sýnataka miðaðist við úrtak allt að 40 fiska af sérhverri tegund í vötnunum. Hreistur og kvarnir var tekið til aldursákvarðana, en við úrvinnslu voru kvarnir í flestum tilfellum notaðar til aldursákvarðana, nema þar sem kvarnir reyndust illæsilegar eða ónýtar. Allir fiskarnir

í úrtakinu voru kyngreindir, kynþroskastig metið og sníkjudýrabyrði skráð. Einnig var magafylli metin og fæða greind niður í fæðuflokka og hundraðshluti hvers flokks metin sjónmati (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1997). Hlutfallslegt rúmmál hvernar fæðugerðar fyrir bæði urriða og bleikju var reiknað samkvæmt:

Σ (rúmmálshlutdeild fæðugerða x fyllingarstig/ Σ (fyllingarstiga) (Ingi Rúnar Jónsson og Guðni Guðbergsson 1996). Þar með er tekið tillit til fyllingar maga hjá hverjum einstaklingi sem og hlutfallslegs rúmmáls ákveðinnar fæðugerðar miðað við aðrar fæðugerðir.

4. Niðurstöður

4.1. Afli í netaveiðum

Í Geitabergsvatni veiddust alls 85 fiskar, þar af 64 urriðar, 12 laxaseiði og 9 bleikjur (tafla 2). Hlutföll fiskanna eftir tegundum eru því 75% urriði, 14% lax og 11% bleikja (tafla 2). Urriði er því ríkjandi í aflanum.

Í Glammastaðavatn voru lögð 9 net og í þau fengust 83 fiskar. Þar af 67 (81%) urriðar, 12 laxar (14%) og 4 bleikjur (5%). Eins og í Geitabergsvatni var urriðinn ríkjandi í aflanum, næst kom lax, en bleikja var hverfandi (tafla 3).

Í Eyrarvatni voru lögð 12 net og í þau veiddust alls 203 fiskar (tafla 4). Alls veiddust 150 urriðar (74%), 48 laxar (24%) og 5 bleikjur (2%). Urriðinn var því sem fyrr ríkjandi í aflanum, töluvert veiddist af laxi, aðallega seiðum en einungis örfáar bleikjur.

Afli var að meðaltali mestur úr Eyrarvatni eða 16,9 fiskar/net, en nokkru minni úr Geitabergsvatni eða 10,6 fiskar/net og 9,1 fiskur/net úr Glammastaðavatni.

4.2. Lengdardreifing.

Lax veiddist í öllum vötnunum. Megnið af laxinum sem veiddist voru seiði á bilinu 10–16 sm (mynd 2), en einnig komu fyrir nokkrir kynþroska laxar á bilinu 60–66 sm að lengd. Allir stóru laxarnir veiddust í Eyrarvatni.

Urriðinn var uppistaða aflans í vötnunum og var urriðinn allt frá 8–59 sm að lengd (mynd 3). Stærstur hluti urriðanna var á bilinu 20–40 sm.

Bleikjan var á bilinu 10–31 sm (mynd 4). Í heild veiddust aðeins 17 bleikjur í vötnunum og voru þær flestar á bilinu 20–30 sm (mynd 4).

4.3. Aldur og vöxtur

Í vötnunum komu fyrir laxaseiði á bilinu 1 – 3 ára að aldri. Vöxtur laxaseiðanna var bestur í Eyrarvatni, sem framleiðir sjógönguseiði á 2 – 3 árum, en vöxturinn er nokkru lakari í Glammastaðavatni og Geitabergsvatni (tafla 5).

Urriðinn í vötnunum var frá 1 – 11 ár að aldri (tafla 6). Í Geitabergsvatni var urriðinn frá 2 – 9 ár að aldri, en megnið af sýnunum var 3 – 5 ára fiskur. Í Glammastaðavatni var urriðinn frá 1 – 11 ár að aldri, en 4 – 7 ára fiskar voru algengastir. Í Eyrarvatni var urriðinn frá 2 – 8 ára, en algengastir voru 3 – 6 ára fiskar. Vöxturinn urriðans var lakastur í Glammastaðavatni (mynd 5) en erfitt er að bera saman vöxtinn milli vatna vegna sýnafæðar í einstökum aldurshópum.

Mjög fáar bleikjur veiddust úr vötnunum. Aldur bleikjunnar var á bilinu 3 – 8 ár (tafla 7). Vöxtur bleikjunnar sýndi að bleikja af mismunandi aldri var mjög svipuð að stærð.

4.4. Aldur og kynþroski

Bleikjan sem veiddist í vötnunum var að kynþroska að stærstum hluta (tafla 8). Hluti yngstu bleikjunnar í sýnunum var orðinn kynþroska á fjórða ári, en hlutfallið jókst eftir því sem bleikjan varð eldri.

Urriðinn í vötnunum verður fyrst kynþroska á fimmta ári, en á sjötta ári hefur 75 % fiskanna í þeim aldurshóp náð kynþroska (tafla 9). Ókynþroska urriða komu fyrir allt til 9 ára aldurs en eftir það voru allir urriðar kynþroska.

4.5. Fæða

Fæða laxaseiða var nokkuð ólík eftir vötnunum (mynd 6). Í Geitabergsvatni var uppistaðan fæðunnar vorflugupúpur og hrogn. Í Glammastaðavatni voru flugur sem ekki voru tegundagreindar auk þess fyrirferðarmiklar (mynd 6). Í Eyrarvatni var allt önnur fæðusamsetning, en þar voru bitmýslirfur ríkjandi í fæðunni (mynd 6). Þar sem búsvæði bitmýs eru í straumvatni bendir það til fars laxaseiða á milli straumvatns og stöðuvatnsins.

Vegna sýnafæðar var fæða bleikjunnar könnuð í heild fyrir öll vötnin. Vatnabobbar og hornsíli voru ríkjandi í fæðunni (mynd 7), en ekki varð vart við aðra fæðuhópa í neinum mæli.

Hjá urriða reyndist hornsíli vera ríkjandi fæðuhópur í öllum vötnunum (mynd 8). Hlutdeild hornsíla var mest í Geitabergsvatni, en minnst í Eyrarvatni. Auk þess komu vorflugupúpur, vatnabobbar og ógreindar flugur fyrir í sýnunum. Einnig kom fiskur (bleikja eða lax) fram í fæðu urriðans í Glammastaðavatni.

4.6. Sníkjudýr.

Laxaseiðin reyndust laus við sníkjudýr og fundust þau ekki í laxi (tafla 10). Hjá bleikju var hlutfall ósýkra frá 0 – 20,0% eftir vötnum. Bandormssýkingar á eða í innnyflum hjá bleikjunni (eubothrium og diphyllbothrium) voru mjög algengar, en nýrnaagða (nematoda) kom ekki fyrir hjá bleikju.

Hlutfall ósýkra fiska hjá urriða var frá 5 – 36,4% og reyndist urriðinn í Eyravatni hafa hæsta hlutfall ósýkra fiska (tafla 10). Bandormssýkingar á innnyflum voru mjög algengar í urriðanum, en auk þess varð vart við bandorm í innnyflum (eubothrium) og einn kom nýrnaagða fyrir í Eyrarvatni.

5. Umræður

Niðurstöður rannsókna haustið 2000 á vötnunum í Svínadal leiða í ljós að mikil umskipti hafa átt sér stað í lífríki vatnanna er varðar tegundasamsetningu og magn silungs í vötnunum. Árið 1992 var bleikja á bilinu 15 – 20 sm allsráðandi í vötnunum, en einnig var töluvert um urriða á bilinu 20- 32 sm (Yfirlitskönnun á lífríki íslenskra vatna 1992). Svipaðar niðurstöður hafa áður komið fram (Þórir Dan Jónsson 1981).

Haustið 2000 hafa þær breytingar orðið (mynd 9) miðað við rannsóknir árið 1992 að bleikja sem þá var á bilinu 82,1 – 89,5 % af fjölda silunga í vötnunum, er árið 2000 nær horfin og er hlutdeild bleikju aðeins á bilinu 3,3 – 12,3 %. Hlutdeild urriðans sem árið 1992 var á bilinu 10,5 – 17,9, er nú 87,6 – 97,7% eftir vötnum (mynd 9). Magn urriðans í vötnunum virðist einnig hafa aukist verulega í Geitabergsvatni og Eyrarvatni. Tekið skal fram að afli í netaraðirnar er mjög grófur mælikvarði á fiskmagn í vötnunum og gefur aðeins hugmynd um stærðargráðu og viðmið á milli ára. Athuganir árið 1992 og árið 2000 eru mjög sambærilegar nema að veitt var í lok september árið 2000 en í ágúst árið 1992. og kann mismunandi tímasetning að hafa einhver áhrif á niðurstöður t.d. vegna hrygningar. Þá hefur stærð urriðans aukist og er mikið fiski í vötnunum á bilinu 30 – 40 sm sem ekki var að

heilsa árið 1992 (Yfirlitskönnun um lífríki íslenskra vatna 1992). Af niðurstöðum má ráða að fiskmagn í Eyrarvatni er nokkru meira en í hinum vötnum. Eyrarvatn er grynnt vatnanna og líklega nokkru frjósamara af þeim sökum.

Laxseiði nýta öll vötnin til seiðauppeldis og er það í samræmi við fyrri athuganir (Sigurður Már Einarsson 1994). Einkum virðast laxaseiðin nýta sér grýtt strandsvæði til seiðauppeldis. Uppeldi laxaseiða í stöðuvötnunum í Svínadal er án efa mikilvægur hluti af gönguseiðaframleiðslunni hverju sinni, en ekkert mat hefur verið gert á því enn sem komið er.

Núverandi ástand fisksstofna í vötnunum er mjög æskilegt frá sjónarmiði nýtingar í vötnum sem nú fer eingöngu fram með stangveiði. Bleikjan var áður yfirgnæfandi í vötnum að fjölda, en bleikjan var það smá að hún var vart matfiskur. Magn urriðans og meðalstærð hefur aukist í vötnum og er urriði jafnan vinsæll til veiða og sem matfiskur. Þá tekur urriðinn betur á stöng en bleikjan.

Ástæður fyrir þeim breytingum sem átt hafa sér stað eru ekki kunnar. Í Elliðavatni við Reykjavík hefur bleikjustofn vatnsins verið að gefa eftir á síðustu árum en stofnstærð urriðans haldið sér (Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 2000). Kanna þarf hvort slíkt er að gerast í fleiri vötnum á þessu landshorni og einnig er lagt til að rannsóknir haldi áfram í vötnunum í Svínadal til að vakta silungastofna vatnanna. Ekki er vitað til þess að sambærilegar breytingar hafi gerst í þessum mæli í öðrum vötnum og eru ástæðar fyrir þessum breytingum óljósar.

6. Þakkarorð

Höfundar vilja sérstaklega þakka Rúnari Ragnarssyni og Eydísi Njarðardóttur fyrir aðstoð við söfnun og úrvinnslu gagna.

7. Heimildaskrá

Guðni Guðbergsson 2000. Lax – og silungsveiðin árið 1999. Veiðimálastofnun. Reykjavík. Skýrsla. VMST-R/0006. 22 bls.

Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 1997. Bleikja á Auðkúluheiði. Náttúrufræðingurinn 67(2), bls 105-124.

Gagnagrunnur um lífríki íslenskra vatna: Samræmdur gagnagrunnur. Veiðimálastofnun, Hólaskóli, Háskóli Íslands og Náttúrustofa Kópavogs.

Hákon Aðalsteinsson, Sigurjón Rist, Stefán Hermannsson og Svanur Pálsson 1989, Stöðuvötn á Íslandi. Skrá um vötn stærri en 0,1 km². =S-89004/VOD-02 48 bls.

Ingi Rúnar Jónsson og Guðni Guðbersson 1997. Gilsfjörður 1996. Rannsóknir á laxfiskum í Gilsfirði og ánum sem í hann renna. Skýrsla veiðimálastofnunar. VMST-R/96016. 20 bls.


Jensen, K.W. 1984. The selection of Arctic charr by nylon gill nets. Í-L. Johnson and B.L. Burns (ritstj.) Biology of Arctic charr. Proceedings of the Int. Symp. On Arctic charr, Winnipeg. University Manitoba Press.

Sigurjón Rist 1990. Vatns er þörf. Bókaútgáfa menningarsjóðs. 248 bls.


Sigurður Már Einarsson 1994. Laxá í Leirársveit. Fiskirannsóknir 1993. Veiðimálastofnun. Borgarnesi. Skýrsla. VMST-V/94007X. 16 bls.

Þórir Dan Jónsson 1981. Laxá í Leirársveit. Veiðimálastofnun. Borgarnesi. Skýrsla. VMST-V. 11 bls.


Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 2000. Silungur í Elliðavatni. Samantekt rannsókna 1987-1999. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-R/0018. 31 bls.




Mynd 1. Kort af Geitabergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrarvatni í Svínadal.. Staðsetning netalagna er sýnd á myndunum.




Mynd 2. Lengdardreifing laxa í Geitabergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrarvatni 28. september 2000.




Mynd 3. Lengdardreifing urriða í Geitabergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrarvatni 28. september 2000.




Mynd 4. Lengdardreifing bleikju í Geitabergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrarvatni 28. september 2000.






Mynd 5. Vöxtur urriða í Geitabergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrarvatni í lok september árið 2000.




Mynd 6. Fæða laxaseiða í Geitabergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrarvatni.



Mynd 7. Fæða bleikju í heild fyrir Geitabergsvatn, Glammastaðavatn og Eyrarvatn,



Mynd 8. Fæða urriða í Geitbergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrravatni.



Mynd 9. Samanburður á silungaafli í staðlaðar netaraðir í Geitabergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrarvatni árin 1992 og 2000.

Tafla 1. Helstu einkennisþættir stöðuvatna í Svínadal (Byggt á Sigurjóni Rist 1990 og Hákonu Aðalsteinsdóttur o.fl. 1989).

Einkennisþölur	Geitabergsvatn	Glammasaðavatn	Eyraryvatn
Hæð yfir sjó m	79	77	77
Flatarmál km ²	0,93	1,37	0,82
Mesta mælt dýpi	21	24,0	12,5
Meðaldýpi m	9,4	6,6	3,4
Mesta lengd km	2,05	2,5	1,5
Mest breidd km	0,53	0,9	0,79
Rúmmál Gl	8,2	9,0	2,8
Útrennsli m ³ /sek			1,7
Endurnýjunartími dagar			19
Leiðni µS/cm			56
pH			7,8

Tafla 2. Afli í tilraunaveiðum í Geitabergsvatni 27. september árið 2000, skipt eftir möskvastærðum.

Möskvastærð mm	Afli		
	Lax	Bleikja	Urriði
10	11	1	2
16,5			11
18,5	1		15
21,5		4	10
25		3	10
35		1	5
43			9
50			2
Afli alls	12	9	64
Afli/net	1,5	1,1	8,0

Tafla 3. Afli í tilraunaveiðum í Glammastaðavatni (Þórustaðavatni) 27. september 2000, skipt eftir möskvastærðum.

Möskvastærð mm	Afli		
	Lax	Bleikja	Urriði
10	12		3
17,5			12
21,5		1	12
25		1	
27		1	7
33			10
38		1	16
47			4
50			3
Afli alls	12	4	67
Afli/net	1,3	0,4	7,4

Tafla 4. Afli í tilraunaveiðum í Eyrarvatni 27. september árið 2000, skipt eftir möskvastærðum.

Möskvastærð mm	Afli		
	Lax	Bleikja	Urriði
10	40	1	1
12	3		7
16,5	2	1	29
18,5			33
21,5		2	23
25			21
30		1	13
35			8
40			9
46			2
50	1		2
60	2		2
Afli alls	48	5	150
Afli/net	4,0	0,4	12,5

Tafla 5. Meðallengdir laxaseiða í sýnum úr Geitabergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrarvatni 28. september 2000.

Aldur ár	Geitabergsvatn			Glammastaðavatn			Eyrarvatn		
	Lengd sm	Fjöldi	Sd	Lengd sm	Fjöldi	Sd	Lengd sm	Fjöldi	SD
1							9,4	7	0,40
2	11,6	6	1,26	10,6	4	0,49	13,6	5	1,30
3				9,6	2	0,21			

Tafla 6. Meðallengdir urriða í sýnum úr Geitabergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrarvatni 28. september 2000.

Aldur ár	Geitabergsvatn			Glammastaðavatn			Eyrarvatn		
	Lengd sm	Fjöldi	Sd	Lengd sm	Fjöldi	Sd	Lengd sm	Fjöldi	SD
1				8,9	1				
2	13,3	2	0,21				13,1	2	3,04
3	20,3	8	2,29	18,9	1		20,7	15	2,96
4	28,4	18	3,04	24,0	5	4,09	30,6	5	16,2
5	39,6	8	4,46	30,6	9	3,46	34,0	11	5,31
6	42,5	2	9,2	33,4	11	4,93	39,0	5	3,64
7				36,3	7	4,14	43,4	3	4,63
8				40,4	2	3,00	42,3	2	4,52
9	36,8	1		46,5	1				
10				43,3	1				
11				48,6	2	0,35			

Tafla 7. Meðallengdir bleikju í sýnum úr Geitabergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrarvatni 28. september 2000.

Aldur ár	Geitabergsvatn			Glammastaðavatn			Eyrarvatn		
	Lengd sm	Fjöldi	Sd	Lengd sm	Fjöldi	Sd	Lengd sm	Fjöldi	SD
3	24,9	1					18,2	1	
4	27,8	3	1,69	21,2	1				
5	24,6	3	3,23	25,9	1		22,0	1	
6	27,5	2	4,24	20,8	1		27,3	1	
7							28,6	1	
8				24,9	1				

Tafla 8. Aldur bleikju eftir kyni og kynþroskastigi í heild fyrir Geitabergsvatn, Glammastaðavatn og Eyrarvatn.

Aldur ár	Ókynþroska			Kynþroska		
	Hængar	Hrygnur	Samtals	Hængar	Hrygnur	Samtals
3		1	1	1		1
4	1		1	2	1	3
5	1		1	1	3	4
6				2	1	3
7					1	1
8					1	1
Samtals	2	1	3	6	7	13
%		18,8			81,2	

Tafla 9. Aldur urriða eftir kyni og kynþroskastigi í heild fyrir Geitabergsvatn, Glammastaðavatn og Eyrarvatn.

Aldur ár	Ókynþroska			Kynþroska		
	Hængar	Hrygnur	Samtals	Hængar	Hrygnur	Samtals
1	1		1			
2	2	2	4			
3	11	13	24			
4	10	16	26	1	1	2
5	5	2	7	14	7	21
6	3	3	6	6	6	12
7	1	3	4	2	4	6
8		1	1	3		3
9	1		1		2	2
10					1	1
11				1	1	2
Samtals	34	40	74	27	22	49
%		60,2			39,8	

Tafla 10. Fjöldi og tíðni sníkjudýra í Geitabergsvatni, Glammastaðavatni og Eyrarvatni, eftir fisktegundum.

Hópur	Lax		Bleikja		Urriði	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
	Geitabergsvatn					
Án sníkjudýra	6	100	1	11,1	5	12,5
Eubothrium	0	0	4	44,4	0	0
Diphyllobothrium	0	0	8	88,9	35	87,5
Nematoda	0	0	0	0,0	0	0
	Glammastaðavatn					
Án sníkjudýra	6	100	0	0	2	5,0
Eubothrium	0	0	4	100	0	0
Diphyllobothrium	0	0	4	100	38	95,0
Nematoda	0	0	0	0,0	0	0
	Eyrarvatn					
Án sníkjudýra	12	100	1	20,0	16	36,4
Eubothrium	0	0	3	60,0	1	2,3
Diphyllobothrium	0	0	4	80,0	25	56,8
Nematoda	0	0	0	0,0	2	4,5